

AUÐUR SIGURÐARDÓTTIR

## AÐ STÍGA SKREFIÐ – Í NÁM Á NÝJAN LEIK AÐ LOKNU RAUNFÆRNIMATI



Auður Sigurðardóttir

**Rannsókn á upplifun einstaklinga sem fóru í raunfærnimat eftir brotthvarf úr námi í framhaldsskóla og hófu nám á nýjan leik. Rannsóknin var unnin í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands 2008–2010 og verða hér viðraðar helstu niðurstöður.**

Markmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á ástæður sem lægju að baki því að þátttakendur í rannsókninni hurfu frá námi eða hófu ekki nám í framhaldsskóla og hvaða þættir hefðu haft áhrif á að þeir fóru í raunfærnimat í iðngrein og hvort hindranir hafa orðið í vegi þeirra er þeir hófu nám að nýju. Einnig að skoða þátt náms- og starfsráðgjafa

í raunfærnimatinu og hvaða áhrif ráðgjöf og stuðningur, sem veittur var í ferlinu, hafði á þátttakendur. Tekin voru sjö hálfopin viðtöl við karlmenn á aldrinum 27–47 ára sem fóru í raunfærnimat í iðngrein og eru nú í námi eða hafa lokið sveinsprófi í húsasmíði eða málaraiðn. Þá var rætt við tvo náms- og starfsráðgjafa sem eru ráðgjafar í raunfærnimatsferlinu.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að námsörðugleikar, persónulegir erfiðleikar og skortur á stuðningi voru helstu ástæður þess að þátttakendurnir flosnuðu upp úr skóla og áttu í erfiðleikum með að hefja nám að nýju. Helstu hindranir á vegi þeirra við að hefja nám á nýjan leik voru öðru fremur lítil trú á eigin getu og ótti við að mistakast enn og aftur í námi. Löngunin til að klára námið og fá starfsréttindi voru helstu ástæður þess að þeir fóru í raunfærnimat. Mikilvægi stuðnings náms- og starfsráðgjafa í raunfærnimatsferlinu virðist skipta sköpum fyrir þennan hóp sem og hópstuðningur jafningja og hefur úrslitaáhrif á að þeir hefja nám eftir langt hlé. Einnig kom í ljós að þátttaka í raunfærnimati gefur einstaklingum með litla formlega menntun aukna möguleika á að hefja nám á nýjan leik og skiptir þátttakan miklu máli fyrir sjálfsmynd þeirra. Þá kom fram að samvinna fræðslustofnana og framhaldsskóla verði að vera meiri til að tryggja eftirfylgni og áframhaldandi stuðning náms- og starfsráðgjafa er í framhaldsskóla er komið.

### ÞÖRF FYRIR AUKIÐ AÐGENGI AÐ MENNTUN

Hinar miklu breytingar, sem orðið hafa í atvinnulífinu vegna tækniframfara, hafa orðið til þess að margir fullorðnir, sem hurfu frá námi eða hófu ekki nám í framhaldsskóla að loknum grunnskóla, bæta við sig námskeiðum eða námi eftir óformlegum og formlegum leiðum og sækja í enn meira mæli að afla sér menntunar á einhverju sviði til að svara kalli atvinnulífsins.

Staðreyndin er sú að á Íslandi eru um 37% vinnuafli á aldrinum 25–64 ára einungis með grunnmenntun og brotthvarf úr framhaldsskóla mælist um 40% sem er í samræmi við ástandið á vinnumarkaðnum og vekur það upp á meðal ráðamanna (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónsson, 2002; OECD, 2004, 2007). Þörfin fyrir aukið aðgengi að menntun er til staðar og hafa ráðamenn beint sjónum sínum að þessum hópi með markvissum hætti. Yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar er að árið 2020 verði hlutfall þeirra sem eingöngu eru með grunnmenntun úti á vinnumarkaðnum um 10%, það er án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar (Forsætisráðuneytið, 2008). Liður í því er að bjóða fjölbreyttar leiðir til að auka aðgengi þeirra að námi sem minnstu menntun hafa og er mat á raunfærni ein leið af þeim (Forsætisráðuneytið, 2008; OECD, 2007).

Mikil vinna hefur verið lögð í það hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og menntamála-ráðuneytinu að fylgja þeim straumum sem eiga sér stað í nágrennalöndunum. Mat á raunfærni er stór liður í því átaki. Raunfærnimati er ætlað að koma til móts við þann hóp einstaklinga sem hvarf frá námi í framhaldsskóla en hefur öðlast færni í gegnum óformlegt nám á vinnustað eða á öðrum vettvangi. Allt nám skal metið að verðleikum óháð því með hvaða hætti það hefur farið fram en raunfærnimat er í flestum tilfellum framkvæmt til styttingar á námi og hefur matið auðveldað aðkomu þessa hóps að framhaldsskólanum á nýjan leik (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2007; Menntamálaráðuneytið, 2006).

### Hvernig reynist fullorðnum karlmönnum, sem hurfu frá námi, að stíga það stóra skref að fara í raunfærnimat og hefja nám í framhaldsskóla að því loknu?

Viðmælendur mínir í þessari rannsókn eru allir skilgreindir brotthvarfsmændur en það felur í sér að þeir hurfu frá námi eftir stutta veru í framhaldsskóla eða hófu ekki nám að grunnskóla loknum nema einn sem hóf iðnnám eftir stúdentspróf. Hann flosnar þó upp úr iðnnámi og hefur ekki nám að nýju fyrr en tveimur áratugum seinna. Ósigrar í námi vegna námsörðugleika hafa haft mest um það að segja að viðmælendur mínir hurfu frá námi en ástæður má einnig rekja til áhrifaþátta eins og lítills stuðnings og hvatningar fjölskyldu sem og innan skólakerfisins, stefnuleysis í námsvali og persónulegra erfiðleika. Brösótt gengi í bóklegum greinum og afleiðingar neikvæðrar upplifunar á skólakerfinu hafa haft áhrif á sjálfsmynd þeirra og trú á eigin getu. Erfiðleikarnir hafa hindrað þá í að ljúka námi en samkvæmt náms- og starfsráðgjöfum, sem sinna þátttökendum í raunfærnimati iðngreina, á stór hluti þeirra einstaklinga, sem hafa farið í gegnum slíkt mat, við námserfiðleika að stríða og hafa þessar hindranir haft áhrif á allt þeirra nám og framtíðarsýn. Ákveðið vonleysi og úrræðaleysi einkennir frásögn þeirra og hindranir verða á köflum óyfirstíganlegar eins og einn viðmælenda minna nefnir: „þetta var seinasta önnin þegar ég var alveg búinn að gefast upp og ætlaði bara ekkert í skóla aftur“. Ætla mætti að þeir tilheyri hópi nemenda sem eiga erfiðara með að takast á við hindranir sem á vegi þeirra verða í skólaumhverfinu og virðast þurfa lítið til að gefast upp í námi. Óttinn við að mistakast er til staðar og hræðslan við að standast ekki þær kröfur, sem settar eru, hafa óneitanlega sett mark sitt á sjálfsmynd þeirra eins og einn viðmælendi minn lýsir hér svo sterkt:

... að vera þetta gamall og vera svo sá sem maður er skilurðu það í rauninni, ég myndi segja, ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að segja þér það þú veist, ég skammast mín fyrir að þú veist að kunna ekki meira. Mér fannst svo erfitt að koma mér á framfæri ... og vera þetta gamall og vera svo sá sem maður er skilurðu ...

Þrátt fyrir erfiðleika í grunnskóla fóru viðmælendur mínir flestir í framhaldsskóla strax eða fljótlega eftir að grunnskóla lauk. Fljótlega í framhaldsskóla fór að bera á erfiðleikumum

sem höfðu áhrif á þá í náminu líkt og áður. Þeir upplifa að ná ekki að halda eðlilegri námsframvindu og eru komnir á eftir í námi. Neikvæð sjálfsmynd þeirra og lítill trú á eigin getu virðist gera það að verkum að þeir hafa ekki frumkvæði að því að leita sér aðstoðar. Allir viðmælendur mínir nefna að stuðningur innan skólakerfisins hafi ekki verið sýnilegur og enginn af þeim leitaði sér aðstoðar þegar ákvörðun um að hætta í námi var yfirvofandi. Ákvörðunin var tekin af þeim einum og sjaldnast í samráði við foreldra eða aðra fagaðila. Annað var uppi á teningnum þegar viðmælendur mínir ákváðu að taka þátt í raunfærnimatinu en þá fundu þeir mikinn stuðning og hvatningu frá fjölskyldu og vinum og þeir fundu loks leið til þess að klára nám sem þeir byrjuðu á fyrir margt löngu. Þeir telja hvatninguna mikilvæga og hafa þeir nú allir fjölskyldu sína með í ráðum um framhaldið.

### Í NÁM Á NÝJAN LEIK

Sú ákvörðun að hætta í námi hefur reynst viðmælendum mínum erfið og hugsunin um að ljúka námi hefur aldrei vikið úr huga þeirra. Allir hafa þeir reynt að fóta sig í skóla-samfélaginu að nýju og margir oftast en einu sinni. Árangur þessara tilrauna hefur ekki verið sem skyldi en þrátt fyrir brösótt gengi og uppgjöf sögðust allir viðmælendur mínir hafa haft mikla löngun til að hefja nám að nýju. Viljinn og löngunin hefur verið til staðar en þá hefur vantað frumkvæði, hvatningu og þor til að yfirstíga hindranir sem hafa orðið á vegi þeirra. Þeir nefna allir að þeir hafi alltaf haft hug á ljúka sveinsprófi og fannst mikil byrði að hafa ekki lokið námi. Mikilvægi þess að öðlast réttindi vegur hér þyngst hjá þeim þar sem allir nema einn eru fjölskylduféður og ábyrgðin að standa sig sem framfærsluaðili og fyrirvinna skiptir þá miklu máli. Ein leið til að tryggja hag fjölskyldunnar er að öðlast starfsréttindi að þeirra mati.

### ÓTTINN VIÐ AÐ MISTAKAST – LÍTIL TRÚ Á EIGIN GETU

Sú ákvörðun að hefja nám að nýju, eftir að hafa farið í gegnum raunfærnimat, vakti upp blendnar tilfinningar hjá viðmælendum mínum þar sem kvíði og tilhlökkun toguðust

á. Lítil trú á eigin getu, frammistöðukvíði og óttinn við að mistakast virtist vera efst í huga þeirra og helsta hindrunin. Jafnframt því upplifðu þeir ákveðinn létti eftir að hafa tekið ákvörðun um að fara í nám þar sem þeir eygðu loks von um að ná sér í réttindi sem þeir höfðu stefnt að svo lengi.

Þeir viðmælendur mínir, sem átt hafa við námsörðugleika að stríða, hafa ekki góða upplifun af skólagöngu sinni og hefur sú hugsun hindrað þá í fara í skóla aftur eftir langa fjarveru eins og einn viðmælandi minn lýsir hér svo vel:

*Mér kveið alveg, mér kveið alvega rosalega fyrir fyrsta deginum sko, mér kveið alveg rosalega fyrir því að fara aftur í skólann, ég held að það sé bara þú veist þessi hræðsla við skólann og ég náttúrulega tregur að læra.*

Viðmælandi minn dregur ekki dul á stöðu sína sem námsmaður með þessum sterku orðum og sjálfmynd hans er ekki upp á marga fiska. Annar viðmælandi nefnir einnig að kvíðinn fyrir því að fara í skólann aftur hafi verið í raun „hræðslan við fortíðardrauginn, að standast ekki prófin, að eyða tímanum, púðrinu og kröftunum og ná svo ekki þótt maður hafi lagt sig fram“.

Aðrir taka í sama streng og lýsa upplifun sinni með þeim hætti að óttinn við að mistakast enn og aftur hafi verið efst á baugi og það að geta ekki staðist þær kröfur sem settar voru í náminu. Þessar hugsanir hafa valdið þeim vanlíðan sem þeir eiga erfitt með leggja til hliðar og fylgja þeim áfram þegar í skóla er komið. Þrír viðmælenda minna, sem ekki eiga við námsörðugleika að stríða, voru einnig kvíðnir fyrir því að fara aftur í nám. Upplifun þeirra af veru sinni í grunnskóla er þó mun jákvæðari en hinna þar sem hindranir vegna námsörðugleika eru ekki til staðar. Þeir upplifa þó kvíða við að hefja nám á nýjan leik og þeim finnst erfitt að vera komnir á ákveðinn aldur og setjast á skólabekk. Það að standast ekki þær kröfur sem lagt er upp með veldur óöryggi og kvíða-tilfinningu. Einn viðmælandi minn, sem kominn er á fimm-tugsaldur, lýsir hér upplifun sinni þegar fyrsti skóladagurinn eftir langa fjarveru nálgadist:

*... það var alveg skelfilegt, alveg skelfilegt, já bara náttúrulega bara stressaður og ég þurfti að fara að hugsa upp á nýtt ... maður var bara skjálífi á beinunum,*

*það þannig. Ég hafði bara mestar áhyggjur af því að ég gæti ekki lært og gæti ekki munað.*

Orð hans eru sjálfsgagt lýsandi fyrir margan einstaklinginn sem stendur í sömu sporum og hann þar sem lítil trú á eigin getu og hræðslan við að standa sig ekki meðal annarra nemenda er ein stærsta hindrunin fyrir því að hefja nám að nýju.

Náms- og starfsráðgjafarnir fundu einnig fyrir kvíða hjá hópnum þegar matsviðtölin nálgudust og reyndu að undirbúa þá með bæði hóp- og einstaklingsviðtölum. Náms- og starfsráðgjafarnir telja að frammistöðukvíðinn sé stærsta hindrunin í raunfærnimatsferlinu og því til staðfestingar nefna þeir að þegar þátttakendur í raunfærnimatinu vissu að um einhvers konar „próf“ var að ræða þá helltist yfir þá kvíði og óöryggi. Óháð því hvort um námsörðugleika er að ræða eða ekki þá virðist sem langt hlé á skólagöngu auki á óvissu um hvort þeir geti þetta eins og aðrir nemendur sem eru búnir að vera í skóla óslitið jafnvel frá upphafi grunnskóla.

## RAUNFÆRNIMAT – TÆKIFÆRIÐ – AUKIÐ SJÁLFSTRAUST

Viðmælendur mínir nefna allir að raunfærnimatið hafi verið það tækifæri sem þeir höfðu beðið eftir lengi og hjá þeim kemur skýrt fram mikill vilji til að ljúka námi. Það að hafa ekki klárað nám á sínum tíma hefur nagað þá nánast á hverjum einasta degi og margir hafa reynt oftar en einu sinni að hefja nám á nýjan leik en fallið í sömu gryfju og hætt vegna örðugleika í námi og vegna persónulegra erfiðleika. Svo virðist sem úrræði í skólakerfinu hafi verið vandfundin á þeim tíma sem þeir voru í námi (flestir að hefja nám í framhaldsskóla um og eftir 1980) þar sem greinilega kemur fram að þá hafi skort hvatningu og stuðning meðan á námi stóð og þeir höfðu hvorki þor né trú á eigin getu til að stíga það skref sjálfir að fara aftur í nám eða leita sér aðstoðar.

Raunfærnimatið hefur „opnað dyr að framtíðinni“ eins og einn viðmælandinn orðar það. Þeim hefur tekist að hefja nám að nýju og jafnvel lokið sveinsprófi í greininni og sumir hverjir hafið meistaranám, nokkuð sem þá óraði ekki fyrir að upplifa eins og einn þeirra lýsir hér vel:

*Áður en ég fór í raunfærnimatið þá var þetta ekki raunhæfur möguleiki, sko ef talað er um stjórnur þá var þessi draumur minn á bak við stjórnurnar, hann var í einhverju öðru gufuhvolfi. Þetta skiptir svo miklu máli að hafa þessi réttindi, sama hvað það er að klára þessa menntun það skiptir alveg svakalega miklu máli.*

Mikilvægi þess að fá réttindi er ein helsta ástæða þess að þeir taka þátt í raunfærnimatinu sem gerir draum þeirra til margra ára að veruleika og þar með hafa þeir styrkt stöðu sína á vinnumarkaðnum og möguleikar á fjölbreyttari verkefnum hafa aukist samhliða réttindum. Einnig telja þeir að með sveinsprófinu sé ákveðnum fjöðrum aflétt eins og einn kemst hér að orði:

*Þetta er í raun og veru blessun svona í stuttu máli. Við erum að tala um að það opnast ekki bara bílsskúrsdyr heldur flugmóðurskúrsdyr. Það er allt opið bara hvað vil ég gera ... maður er náttúrulega kominn með réttindi og miklu frjálssari á markaðnum, get labbað inn í hvaða fyrirtæki sem er og sagt að ég sé menntaður með þessi réttindi.*

Raunfærnimatið er kveikjan og hvatningin sem þeir þurftu og tækifærið sem þeir gátu ekki sleppt enda segja þeir að þeir væru ekki enn byrjaðir í skóla aftur ef raunfærnimatið hefði ekki komið inn í líf þeirra.

Þrátt fyrir brotna og veika sjálfsmýnd virðist sú leið, sem þeir völdu með þátttöku í raunfærnimati, hafi styrkt þá sem einstaklinga og aukið trú þeirra á eigin getu sem og vakið upp jákvæðari hugsanir gagnvart skóla. Sama má segja um viðmælendur mína sem ekki hafa þurft að glíma við námsörðugleika að þegar þeir hófu nám að nýju eflust þeir og styrktust og fundu fljótt að þeir áttu alveg jafn mikið erindi í framhaldsskólann eins og aðrir þrátt fyrir að hafa verið frá námi hátt í þrjátíu ár.

## HÓPSTUÐNINGUR – MIKILVÆGUR Í FERLINU

Hópstuðningurinn, sem viðmælendur mínir upplifa í raunfærnimatsferlinu og þegar þeir hefja nám að nýju, skiptir

miklu máli hvað varðar sjálfstraust þeirra og öryggi inni í framhaldsskólanum. Þörfin fyrir að tilheyra ákveðnum hópi kemur strax fram í upphafi þeirrar ákvörðunar að fara á fyrsta kynningarfundinn vegna raunfærnimats og töluðu allir um að mikilvægt hafi verið að þekkja einhvern annan sem hafði hug á því sama og þá sérstaklega þegar inn í skólann var komið. Eftirfarandi tilvitnun segir meira en mörg orð:

*Þarna var ég kominn inn í hóp manna sem voru allir í svipuðum aðstæðum og ég og þannig jafningjar mínir alveg pottþétt ... ef einhver var orðinn þreyttur og farinn að slaka á þá greip maður nokkrum sinni í þá og oft var gripid í mig og við félagarnir að reyna að passa vel upp á hvern annan. Við ætluðum að fara í gegn sem einn hópur og það var bara lagt svona óformlega upp með það frá byrjun. Við vitum allir af vandamálum hvers annars og enginn að fela eitthvað, enginn að skammast sín, enginn feiminn að biðja kennarann um að endurtaka sig.*

Flestir viðmælendur mínir töldu að þeir væru sjálfsagt hættir ef hópurinn væri ekki til staðar. „Ég held að það séu meiri líkur á að maður hætti við ef maður er einn“, segir einn viðmælenda minna sem hefur ekki verið í skóla í um þrjátíu ár og annar er því sammála og leggur þunga áherslu á orð sín:

*... ef maður dettur út úr þessu kerfi þá er maður alveg dottinn út. Ég segi fyrir mitt leyti að ef ég hefði dottið úr þessum hópi og út úr skólanum þá hefði ég bara lokað þessum dyrum og sett hengilás á. Ég hefði aldrei litið meira á þessar dyr.*

Án hópsins upplifa þeir sig berskjaldaða gagnvart hinu „almenna skólakerfi“ sem hefur brugðist þeim vegna annmarka þeirra í námi og þar vilja þeir ekki „lenda“ aftur. Þetta er síðasta tækifærið sem gefst í þeirra huga til að ljúka sveinsprófi í iðngrein og því skiptir máli að tilheyra ákveðnum hópi og fá þann stuðning sem þarf, þar liggur öryggið og hvatningin. Þeim finnst þeir ekki lengur einir á báti eins og upplifunin var þegar þeir flestir reyndu ítrekað að hefja nám að nýju og uppskáru ekki árangur erfiðis og voru „aleinir inni í framhaldsskólanum“.

ÞÁTTUR NÁMS- OG STARFSRÁÐ-  
GJAFÁ Í FERLINU

Að mati viðmælenda minna var þáttur náms- og starfsráðgjafa í raunfærnimatsferlinu mjög mikilvægur. Náms- og starfsráðgjafarnir leiddu þá í gegnum ferlið og unnu með þeim á mjög persónulegum nótum. Viðmælendur mínir upplifðu sterkt að þeir höfðu aðgang að mikilli ráðgjöf meðan á matinu stóð. Þeir nefna allir að þeir hafi alltaf getað hringt, leitað ráða og spurt um allt sem upp kom í ferlinu og einnig þegar í skólann var komið. Þeir töldu einnig að hvatningin hafi skipt máli og gert það að verkum að þeir náðu frekar þeim markmiðum sem sett voru. Mikilvægt var fyrir þá að finna að þeir hefðu þennan stuðning og allir nefndu að það hafi verið sá þáttur sem einna mest hafi skipt máli í ferlinu, að finna stuðninginn og hvatninguna hjá fagaðilum til að halda áfram ásamt þeim stuðningi sem hópurinn veitti þeim. Allir viðmælendur mínir voru sammála um að brúa þyrfti bilið á milli fræðslustofnunar og framhaldsskóla hvað ráðgjöf varðar. Þeir segja að sá stuðningur sem þeir fengu í matinu hafi verið til fyrirmyndar og náms- og starfsráðgjafarnir hafi stutt þá, ýtt á þá og fylgt þeim vel eftir í ferlinu. Hins vegar er ekki sömu sögu að segja þegar inn í framhaldsskólann er komið og virðist stuðningur náms- og starfsráðgjafa þar ekki vera eins sýnilegur og lítil tenging við þá af hálfu raunfærnimatsferlisins. Ef þeir voru í vafa um eitthvað í skólanum sjálfum hringdu þeir umsvifalaust í náms- og starfsráðgjafana í raunfærnimatinu í stað þess að leita aðstoðar innan skólans. Einn viðmælenda minna nefnir að hann hefði alveg getað hugsað sér að hafa náms- og starfsráðgjafann sem sína hægri hönd inn í skólanum og telur að hann með sína námsörðugleika hefði fengið betri þjónustu og upplýsingar ef hann hefði fengið sömu þjónustu í framhaldsskólanum líkt og hann fékk í raunfærnimatsferlinu. Mætti túlka orð hans á þá leið að hann hafi í raun týnst í fjölmönnum skóla á meðan að hann hafði náms- og starfsráðgjafa sem leiddi hann áfram skref fyrir skref í fámennari hópi í raunfærnimatinu. Þar hafi hann myndað traust við fagaðila sem vissi um hans erfiðleika og sjálfsgaet er erfitt fyrir marga sem hafa neikvæða upplifun á skólakerfinu að hafa frumkvæði að því að mynda traust við stuðningsaðila innan skólans.

## AÐ LOKUM

Á síðustu árum hafa verið skrifaðar MA- ritgerðir hér á Íslandi sem taka á málefnum fullorðinna einstaklinga með litla menntun að baki sem huga að námi að nýju og margir þeirra eiga brotna skólagöngu að baki líkt og viðmælendur mínir. Niðurstöður þessa rannsókna eiga það sammerkt að einstaklingum, sem hurfu frá námi strax eftir grunnskóla eða eftir stutta viðveru í framhaldsskóla, reynist erfitt að hefja nám innan veggja framhaldsskólanna og finnst það fráhrindandi kostur þar sem markhópurinn sé ungt fólk og námið sniðið frekar að þeirra þörfum heldur en hinna fullorðnu (sjá t.d. Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008; Svanfríður Inga Jónasdóttir, 2005) líkt og Illeris (2003), Knowles (1990), og Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, (2002) benda enn fremur á í sínum rannsóknum. Í ljósi þessa er vert að athuga hvort ekki þurfi að skoða betur þær aðstæður sem fullorðnum einstaklingum er boðið í framhaldsskólum landsins. Fullorðnir þurfa öðruvísi aðlögun og utanumhald í skóla en unglingar og þá læra þeir einnig með öðrum hætti en þeir sem yngri eru (Hróbjartur Árnason, 2005; Illeris, 2003; Knowles, 1990). Ítrekað brotthvarf viðmælenda minna úr námi er í flestum tilfellum af sama meidi þar sem erfitt reyndist fyrir þá að fóta sig innan veggja skólanna meðal annars vegna slæms gengis á fyrri skólagöngu og brotthvarf varð fyrir valinu og má ætla að sú staðreynd eigi við stóran hóp einstaklinga sem huga að námi eftir langt hlé. Vissulega bjóða margir framhaldsskólar upp á kvöldskóla fyrir ólíkan hóp nemenda og Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, býður 25 ára og eldri upp á styttri námleiðir sem leiða til útskriftar. Vísar að aðgerðum, sem koma til móts við fullorðna námsmenn, eru að verða að veruleika í tilteknum skólum en ljóst er að betur má ef duga skal. Auðvelda þarf aðgengi þessa hóps að námi og útlista framboð til náms með þarfir fullorðinna í huga og eru miklar vonir bundnar við hin nýju lög um framhaldsfræðslu.

Fræðslustofnanir bjóða upp á fjölbreytta fræðslu og er sú leið mikilvæg fyrir einstaklinga með litla formlega menntun þar sem stórir framhaldsskólar eru þeim fráhrindandi kostur. Náms- og starfsráðgjafar sinna mikilvægu hlutverki hvað varðar ráðgjöf til þeirra sem minnstu menntun hafa og auka þyrfti ráðgjöf og eftirfylgni fyrir þennan hóp til muna þegar

inn í framhaldsskólann er komið. Stjórnendur framhaldsskóla þurfa því í enn meira mæli að huga að sérsniðnum leiðum sem hægt væri að bjóða fullorðnum námsmönnum er þeir hefja nám eftir langt hlé og móta stuðning og hvatningu sem henta þeim sem eldri eru meðan á námi stendur til að koma í veg fyrir frekari brotthvarf úr framhaldsskóla.

Mat á raunfærni er ein af þeim fjölmörgu leiðum sem eru hvetjandi fyrir einstaklinga með litla formlega menntun en mikla starfsreynslu að hefja nám að nýju. Mikilvægt er að fræðslustofnanir fái svigrúm til að sinna slíku mati áfram þar sem margir sem nýta sér þennan kost eiga erfiða skólagöngu að baki og skóli sem slíkur er þeim fráhrindandi stofnun líkt og niðurstöður rannsóknarinnar benda til. Því eru fjölbreyttar leiðir að námi stór kostur fyrir hóp einstaklinga með mismunandi þarfir og ólíkan bakgrunn. Hlúa þarf vel að verkefnum eins og raunfærnimati sem virðast skila árangri og um leið stuðlar verkefnið að auknu menntunartígi þjóðarinnar þar sem fleiri útskrifast úr námi en áður.

## HEIMILDIR

- Forsætisráðuneytið. (2008). *Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar 17. febrúar 2008*. Sótt 1. september 2009 af: <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nri/2866>.
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2007). *Tillögur um þróun raunfærnimats*. Sótt 20. maí 2009 af: [http://www.frae.is//files/%7B9286df37-0e35-41e2-a308-8c8d1a6f6ad8%7D\\_tillögur%20um%20þróun%20raunfærnimats.pdf](http://www.frae.is//files/%7B9286df37-0e35-41e2-a308-8c8d1a6f6ad8%7D_tillögur%20um%20þróun%20raunfærnimats.pdf).
- Hróbjartur Árnason. (2005). Hvað er svona merkilegt við það að vera fullorðinn? *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 14–22. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Illeris, K. (2003). Adult education as experienced by the learners. *International journal of lifelong education*, 22 (1), 13–23. Taylor og Francis Ltd. Sótt 12. janúar 2010 af: <http://web.ebscohost.com/ehost/pdf?vid=4&hid=6&sid=b34bcde9-967f-47b8-b760-407747-d24a50%40sessionmgr4>.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Námsferill, námslok og búseta. Rannsókn á námsferli '75 árgangans*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Knowles, M. (1990). *The adult learner: A neglected species*. (4. útgáfa). Gulf Publishing Company, Houston Texas.
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson (2002). *Brottfall úr námi. Afstaða til skóla, félagslegir og sálfræðilegir þættir*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Menntamálaráðuneytið. (2006). *Þjónustusamningur*. Sótt 1. apríl 2009 af: <http://www.frae.is//files/%7Bb3bffd5f-9d6f-41ec-aeed-c85c20b55edb%7Dþjónustusamningur260106.doc>.
- OECD. (2004). *Gareer guidance and public policy. Bridging the gap*. Sótt 11. september 2009 af: <http://www.oecd.org/dataoecd/33/45/34050171.pdf>.
- OECD. (2007). *Education at a glance*. Sótt 11. september 2009 af: <http://www.oecd.org/dataoecd/36/5/39290975.pdf>.
- Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir. (2008). *Annað tækifæri – í nám að nýju*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Svanfríður Inga Jónasdóttir. (2005). *Námsáhugi fólks með litla formlega menntun*. Óbirt MA-ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.

## UM HÖFUNDINN

Auður Sigurðardóttir er náms- og starfsráðgjafi í unglingadeild Garðaskóla í Garðabæ og sinnti áður kennslu og fags-tjórn á unglingastigi um árabíl. Auður hefur einnig sinnt verkefnum fyrir IÐUNA fræðslusetur. Hún er með MA-próf frá Háskóla Íslands í náms- og starfsráðgjöf og B.Ed.-próf frá Kennaraháskóla Íslands.

## ABSTRACT

The main purpose of this research is to increase our understanding of the influences which caused the participants to dropout from upper secondary school, to investigate what initiated their interest in going through a process where their prior learning was validated, and to find out if they ran into any obstacles when reentering formal studies. Furthermore the purpose was to look into the participants' experience of the service provided by the educational and vocational counselors in the validation process. The research included seven semi-structured interviews with seven males at the age of 27 to 47 who had entered a validation program. They are currently studying or have finished their journeyman examination in carpentry and painting industry. Two educational and vocational counselors who assist in the validation process were interviewed as well. The results of the research showed that their study- and personal difficulties, as well as circumstances in their private life and lack of support were the main reasons for the dropouts of the participants. Their learning difficulties had also hindered them in re-entering professional education which appears in low self-esteem and fear of failing in their studies. The desire to finish their studies and to receive their diploma as journeyman was the main reasons for them to attend the validation process. The research also revealed that having their prior learning recognized through a validation process gave the participants an increased self-esteem as well as encouraging them to take up professional studies. Results also show that the support from the educational and vocational counselors in the validation process along with peer support makes a vast difference for individuals when returning to their studies after a long break.